



Reykjavík 15. apríl 2009

Skýrsla stjórnar AE starfsendurhæfingar fyrir árið 2008

Félagið AE starfsendurhæfing var stofnað í maí 2005 og starfsemi hófst á árinu 2006. Tilgangur félagsins er rekstur starfsendurhæfingar, sem mun vinna að því að efla virkni og þátttöku fólks með geðsjúkdóma og annarra sem misst hafa hlutverk, skapa þeim tækifæri til áframhaldandi starfa á almennum vinnumarkaði, forvarnarstarf, að efla notendaáhrif, að skapa hlutverk og að setja sérþekkingu geðsjúkra í farveg.

Auður Axelsdóttir tók við stjórnarformannsstöðu í stað Huldu Styrmisdóttur sem fór úr stjórn. Þórólfur Árnason var varaformaður og Sæunn Stefánsdóttir kom ný inn í stjórn. Aðrir í stjórn voru Andri Árnason, Árni Gunnarsson og Þórólfur Árnason. Varamaður Elín Ebba Ásmundsdóttir.

Heimasíða Hlutverkaseturs var formlega opnuð í mars mánuði 2007 af Grétari Þorsteinssyni, forseta ASI og Ingimundi Sigurpálssyni, formanni Samtaka atvinnulífsins. Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra og Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra heimsótti Hlutverkasetur á árinu og kynntu sér starfsemina.

Eiríkur Guðmundsson var í 100% stöðu sem rekstrarstjóri og hætti í lok ársins. Ragnheiður Kristinsdóttir, iðjuþjálfari var í 70% starfi og hætti um mitt árið. Þórunn Ingvarsdóttir, iðjuþjálfari hóf störf í byrjun árs og var í 50% starfi og hætti eftir nokkra mánuði. Guðrún Helga Ólafsdóttir, iðjuþjálfari byrjaði í 100% starfi 1. ágúst. Elín Ebba Ásmundsdóttir, iðjuþjálfari og annar eigandi kom inn í starfsemina 1. maí.

Guðlaug Helga Valdimarsdóttir, Steindór J. Erlingsson, Þórey Guðmundsdóttir og Hallgrímur Björgvinsson voru ráðin í hlutastörf í tengslum við styrk frá Sparisjóðnum í notendastöður. Störf Guðlaugar hafa tengst starfsemi Hlutverkaseturs og hinna að þróa geðfræðsluefni fyrir grunn- og framhaldsskóla.

Nanna Þórisdóttir, Védís Drafnardóttir, Haraldur Guðmundsson, Hallgrímur Björgvinsson og Bylgja Jóhannsdóttir störfuðu í hlutastörfum við “Notandi spyr notandi” (NsN) verkefnið samkvæmt samningi við félags- og tryggingamálaráðuneytið. Tekin voru út fjögur búsetuúrræði á vegum ráðuneytisins, haldnir sex starfsdagar í sex íbúðakjörnum og fræðsludagar undir nafninu “Valdefling í verki” voru haldnir á fjórum stöðum, Sauðarkróki, Húsavík, Suðurnesjum og í Kraganum.

Sjóvá gerði samning við Hlutverkasetur v/tryggingar Áfallavernd á árinu og skrifað var undir samning við forsætisráðuneytið um 26 einstaklinga í starfsendurhæfingu og 13 einstaklinga í eftirfylgd. Samningar voru undirritaðir seinni part árs og þrjú einstaklingar nýttu sér þjónustu TR samningsins á árinu.

Elín Ebba Ásmundsdóttir tók þátt í ráðstefnu í Noregi á haustmánuðum. Þar voru kynntar aðferðir til að virkja fólk, sem hefur skerta starfshæfni sökum geðrænna kvilla, til atvinnuþátttöku. Sérstök áhersla var lögð á velmetin störf innan, málaflokksins, háskólaumhverfis og framsækinnna fyrirtækja.

Hluthafa á árinu voru Auður Axelsdóttir kt. 020163-2619 og Elín Ebba Ásmundsdóttir kt. 111255-4239. Auður seldi sinn hlut þann 31/12 2008 til Elínar Ebbu Ásmundsdóttur.

Sæunn Stefánsdóttir, formaður